

Steinunn Þóra Árnadóttir alþingismaður

Haraldur Benediktsson alþingismaður

Alþingi

Reykjavík

Skömmu fyrir páskahátíðina barst okkur bréf þitt 7. varaforseti, ólöglega kjörinn [7].

Mikið hefur gengið á í stjórnámálum hér á landi undanfarinn áratug. Við höfum horft upp á margt í þróun íslenskra stjórnamála sem við teljum áhyggjuefni. Þekkjandi þá sögu af eigin raun, og stjórnámalasögu Íslands svo langt aftur sem hún nær, hefðum við þó aldrei trúað því að slíkt bréf yrði skrifað af aðili sem telur sig gegna formlegu hlutverki fyrir löggjafarvaldið. Okkur þykir sorglegt að svo sé nú komið fyrir Alþingi Íslendinga.

Í bréfinu kristallast einbeittur vilji til að brjóta margar af grundvallarreglum réttarríkisins og hverfa frá öllu sem talist getur sanngjarnt og siðlegt. Raunar hefur framganga þín og samverkamanna þinna verið ógnvekjandi. Ógnvekjandi fyrir okkur og fjölskyldur okkar persónulega og ógnvekjandi gagnvart því sem litið hefur verið á sem grundvallar mannréttindi.

Þegar framið er alvarlegt brot á persónufrelsi fólks og leitast við að nýta lögbrotið með eins meiðandi hætti og kostur er hefði mátt vænta stuðnings frá vinnustað þess fólks. Ekki hvað síst þegar um er að ræða stofnun sem hefur það hlutverk að setja landsmönnum lög og verja rétt þeirra.

Þess í stað hefur pólitísk tækifærismennska ráðið för og heggur þá sá sem hlífa skyldi. Sú aðför bitnar hins vegar ekki aðeins á okkur og fjölskyldum okkar því að með henni eru sett fordæmi sem hljóta að vera áhyggjuefni fyrir alla sem láta sig réttindi einstaklingsins einhverju varða.

Málið er nú rekið af tveimur varaforsetum sem kjörnir voru í andstöðu við lög. Við sama tilefni voru gefnar út yfirlýsingar um til hvers þeir væru kosnir og hver afstaða þeirra ætti að vera varðandi framgang málsins. Nú liggur auk þess fyrir að allir þeir 10 aðilar sem kynnu að hafa átt aðkomu að málinu hafa neyðst til að víkja embætti við afgreiðslu þess. Þannig fór um forseta Alþingis og alla nefndarmenn forsætisnefndar sem höfðu gert sig vanhæfa til að fjalla um málið. Engu að síður hefur forseti Alþingis áfram átt ríka aðkomu að framvindu málsins og mælti fyrir um að hvaða niðurstöðu hinir ólöglega kjörnu varaforsetar skyldu komast. Þá hafa allir þrír fulltrúar siðanefndar þingsins sagt sig frá málinu. Loks er rétt að benda á að skrifstofustjóri Alþingis hefur einnig valdið eigin vanhæfi og skrifstofu sinnar í málinu. Það gerði hann með tilkynningum til starfsmanna Alþingis sem staðfesta hvernig hann fór út fyrir starfssvið sitt við meðferð þessa máls. Þar jafnaði hann gagnrýni á málsmeðferð forseta, sem leiddi til vanhæfis, við starf sitt og undirmanna sinna.

Nýverið bættist það svo við að 8. varaforseti Alþingis, ólöglega kjörin [8], lýsti því í viðtali við Ríkisútvarpið þann 26. apríl að ný gögn, sem þó höfðu ekki verið að tekin fyrir, breyttu engu um framgang málsins sem nú væri „loksins byrjað“.

Þetta tvennt helst því í hendur. Annars vegar að strax í upphafi og í tengslum við ólögmeitt kjör 7 og 8 var tilkynnt um hver niðurstaðan ætti að verða. Tilgangurinn helgar því meðalið. Hins vegar sú staðreynd að ekki er að sjá að nokkuð tillit hafi verið tekið til athugasemda okkar. Í mörgum tilvikum hafa þær ekki einu sinni verið virtar svars, jafnvel þótt vísað hafi verið til laga, grundvallarreglna um opinbera málsmeðferð, réttýni og siðferðis.

Við höfum ekki einu sinni notið þeirra grundvallarréttinda að vera veittur aðgangur að hinum illa fengnu gögnum sem beitt er gegn okkur. Enn höfum við ekki fengið aðgang að þeirri upptöku sem þið 7 og 8 og samverkamenn ykkar byggði málatilbúnaðinn á. Við höfum þurft að leita þessara upplýsinga annars staðar en þá aðeins haft aðgang að upptökum sem höfðu verið unnar og breytt.

Af öllu þessu má ljóst vera að við getum ekki vænst annars en að athugasemdir verði virtar að vettugi nú sem fyrr.

Þar eð við teljum mikilvægt að láta einskins ófreistað við að verja grundvallarreglur réttarríkisins veitum við þó þetta svar án nokkurra væntinga til þess að þeir sem leiða málareksturinn muni láta það sig nokkru varða.

I.

Áður en vikið verður að öðrum þáttum bréfs þíns er rétt að ítreka að verulega skorti á að álit siðanefndar um hvað teldist „opinver vettvangur“ styddist við fullnægjandi forsendur. Siðanefnd þingsins vísaði t.d. til dóms Mannréttindadómstóls Evrópu í máli gegn Grikklandi sem dæmi um hvað fæli í sér „opinberan vettvang“ og dró af þeim dómi ályktanir. Við þá umfjöllun sýndi siðanefndin ákveðin skort á skilningi á þeim fræðum mannréttinda sem dómstóllinn leggur til grundvallar í sínum störfum.

Þannig hefur dómstóllinn litið svo á að heimildir ríkisins til grípa til ráðstafana til varnar einkalífi aukist eftir því sem inngrip í einkalíf gerist freklegra. Dómurinn í gríska málinu er prýðilegt dæmi um þetta.

Inngripið í einkalíf þess þingmanns sem um var fjallað í þeim dómi var margháttað. Þannig voru bæði teknar myndbandsupptök af honum (án hljóðritunar samtala hans) þar sem hann var á ferð á opinberum vettvangi auk þess sem teknar voru hljóðupptök af samtali sem hann átti í einrúmi. Mannréttindadómstóllinn leit svo á að heimilt hefði verið að taka af honum myndir en hljóðupptök sem áttu sér stað voru taldar hafa verið óheimilar. Hljóðupptökurnar voru einfaldlega taldar mun freklegra inngrip í einkalíf þingmannsins og því var gríska ríkinu heimilt að grípa til ráðstafana í tilefni af þeim. Myndatökurnar á opinberum vettvangi voru hins vegar álitnar vægara inngrip og því óheimilt að grípa til ráðstafana í tilefni af þeim.

Væntingar um friðhelgi einkalífs ráðast því ekki af svörtum línunum á hvítum bakgrunni. Væntingar um friðhelgi einkalífs aukast eftir því sem nær er að mönnum gengið við eftirgrennslan. Eftirgrennslan sem felst í því að taka mynd er þannig ekki talin ganga sérstaklega nærri mönnum en eftirgrennslan sem felst í leynilegum hljóðupptökum samtala er einfaldlega mun ágengari og gengur einkar nærri mönnum. Langsótt tilraun meirihluta siðanefndarinnar til að draga einfalda línu þar sem allt sem gerist í opnum rýmum, þ.m.t. einkasamtöl sem eiga sér stað í þeim, er talið verið háð veiðileyfi forvitinna og er því í engum rökrænum tengslum við dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu.

Með þessum hætti taldi meirihluti siðanefndarinnar sér fært að lýsa því yfir að við þingmennirnir höfum ekki getað haft réttmætar væntingar um að „framganga“ okkar teldist ekki opinber. Hins vegar sagði meirihlutinn að þingmaður sem ræddi við annan „í hálfum hljóðum ... á matsölastað“ gæti haft slíkar réttmætar væntingar. Öðru máli kynni hins vegar að gegna um samtöl fleiri aðila „í viðurvist annarra gesta.“ Síðan sagði nefndin: „Þar kynnu aðstæður þó að skipta máli.“

Í þessu ljósi er með öllu óskiljanlegt að haldbær gögn, sem nú liggja fyrir, um aðstæður á Klaustri umrætt kvöld eru talin með öllu þýðingarlaus af hálfu 7 og 8. Hefur ekki einu sinni þótt fyrir því

hafandi að óska eftir álitni siðanefndar á því hvort þau gögn breyti einhverju í afstöðu nefndarinnar. Staðreyndin er nefnilega sú að þau gögn staðfesta að okkar samtal fór fram í afviknu horni veitingastaðar, aðeins einn annar gestur var lengst af í sama sal veitingastaðarins og hún sat fjarri okkur. Hún var með heyrnartól á höfðinu (head set) og dreifði í kringum sig enskum bæklingum ætluðum ferðamönnum. Ekkert við aðstæður gaf því ástæðu til að ætla að samtal okkar sætti njósn eða hljóðritun. Þvert á móti. Allt sem hún gerði var ætlað að skapa okkur væntingar um að ekki væri með okkur fylgst.

Okkur er óskiljanlegt hvernig 7 og 8 telja sér heimilt að leiða þessa einföldu staðreynd alfarið hjá sér við umfjöllun málsins.

II.

Með bréfi þínu æskir þú þess að við, þolendur alvarlegs afbrots, svörum fyrir túlkun fjandmanna okkar á umræðum sem teknar voru upp með ólögmætum hætti. Með fylgja útprentanir af frásögn þeirra fjölmiðla sem helst ráku málið áfram og ætla má að hafi haft meiri aðkomu að afbrotinu en aðrir miðlar.

Öll er þessi málsmeðferð í samræmi við það sem helst mætti vænta í lögregluríki nema hvað þar væri þó væntanlega um að ræða persónu njósnir sem ekki vörðuðu við lög landsins.

Með þeirri afgreiðslu sem allt bendir til að 7 og 8 stefni að er verið að gefa hættulegt fordæmi til framtíðar. Fordæmi sem ber með sér að virðing fyrir lögum skuli markast af því hver fórnarlömbin eru og mannréttindi séu ekki almenn en geti ráðist af hagsmunum pólitísku meirihluta.

Sérstök ástæða er til að hafa áhyggjur af þeim skilaboðum sem fulltrúar Alþingis senda með þessu til ungmenna sem umfram aðra búa við viðvarandi ógn af misbeitingu persónuupplýsinga eins og forsætisráðherra gerði nýverið að umræðuefni. Ekki aðeins virðast 7 og 8 ætla að leggja blessun sína yfir ólögmæta gagnaöflun heldur einnig það að þeirra sem að slíku standa skuli fá að ráða túlkun og beitingu þeirra upplýsinga.

Þá má vænta þess að lýðræðislega kjörnum fulltrúum verði til framtíðar ætlað að sæta ólögmætum njósnum og því að þeim sé beitt í pólitískum tilgangi. Með þeirri afgreiðslu sem 7 og 8 virðast stefna að er ekki aðeins verið að samþykkja beitingu slíkra afbrota heldur er beinlínis hvatt til þeirra.

III.

Vegna þess með hvaða hætti hefur verið haldið á þessu máli af meintum fulltrúum Alþingis hafa þingmenn sem urðu þolendur glæps, og í framhaldinu einstaklega illgjarnrar opinberrar smánunnar, mátt þola einelti á vinnustað sínum. Það hefur tekið á sig mynd sem ekki aðeins gengur gegn siðareglum þingsins heldur einnig landslögum í sumum tilvikum. Allt hefur þetta haft á sér einkar ógeðfellt yfirbragð.

Þó höfum við ekki séð ástæðu til að kæra slíkt til siðanefndar þingsins enda má ljóst vera að ekki standi vilji til annars en að beita reglum sem hún fjallar um í pólitískum tilgangi eins og rakið hefur verið í fyrri bréfum.

Áður hefur verið útskýrt hvers vegna við höfnum öllum þeim ummælum sem eftir okkur eru höfð upp úr hinum ólögmetu upptökum og umfjöllun um þær. Þrátt fyrir þetta, og eins ógnvænlegt og bréfið sem 7 hefur nú skrifað okkur er, telur Sigmundur Davíð Gunnlaugsson rétt að benda á eftirfarandi:

„Í bréfinu til mín eru bornar upp spurningar með vísan til ólögmetra njósna og skrifa pólitískra fjandmanna. Ummæli sem undir mig eru borin tengjast pólitísku mati og lýsa jafnan viðhorfi annarra, viðhorfi sem ég er um leið að setja út á í umræddum ummælum. Hvað varðar spurningu um hvort mér hafi borið að stöðva umræður sem ég kynni að telja óviðfelldnar bendi ég á að staða mín veitir mér ekkert formlegt vald til að segja mönnum hvaða orð þeir megi hafa uppi í einkasamtölum. Vilji 7 og 8 hins vegar eigna mér slíkt vald ítreka ég vilja til að „játa á mig sakir“ í fjölmörgum slíkum málum þar sem ég hef hlustað á núverandi og fyrrverandi þingmenn, ráðherra og þingforseta viðhafa óviðurkvæmileg ummæli. Það hlýtur þá að vera ætlan 7 og 8 að gæta samræmis og krefja mig svara um hvað ég hafi heyrt hvern segja. Varla getur verið að aðeins þeir þingmenn sem brotið er á með njósnum sæti slíkri siðferðisrannsókn.“

Það er dapurlegt að þurfa sem þingmaður að eyða tíma sínum í að verjast misbeitingu eins og þeirri sem lýst er hér að ofan og í fyrri bréfum. Til þess er þó væntanlega leikurinn gerður af þeim „samstarfsmönnum“ okkar sem vilja fremur láta þingstörfin snúast um þess háttar mál en raunveruleg úrlausnarefni stjórnmálanna.

IV.

Að lokum skal ítrekað að við væntum þess ekki að fá notið sannmælis af hálfu 7 og 8 eða að litið verði til athugasemda okkar. Við áskiljum okkur því rétt til að leita annarra leiða í þeim efnum. Engu að síður væntum við þess að nýr starfandi formaður siðanefndar og aðrir sem skipaðir hafa verið í nefndina eftir að málið var sett af stað kunni að vilja líta til nýframkominna gagna. Gagna sem sýna með óyggjandi hætti að ómögulegt er að halda því fram að það einkasamtal þingmanna sem varð upphaf þessarar herferðar geti á nokkurn hátt talist fela í sér opinbera framgöngu og fellur þar af leiðandi ekki undir siðareglur Alþingis.

Augljóst er að „rannsókn“ 7 og 8 er fyrst og fremst byggð á fyrirsögnum og umfjöllun í fjölmiðlum þar sem einungis er fjallað um það sem miður getur talist en engin tilraun gerð til að setja samtölin í samhengi jafnvel þegar samtölin snerust fyrst og fremst um að draga upp jákvæða mynd af stjórnmálamönnum og gagnrýna með kaldhæðni viðhorf annarra til þeirra. Vart er ástæða til að rekja slíkt frekar enda löngu ljóst orðið að tilgangur 7 og 8 er ekki að setja mál í samhengi.

Anna Kolbrún Árnadóttir hafnar því þó alfarið að í orðanna samhengi í einkasamtali sé það brot á siðarreglum að taka sér í munn orðin Freyja eyja. Uppnefni eru oft á tíðum viðhöfð um stjórnmálamenn sem dæmi: Steingrímur skalli, Anna panna og Guðmundur jaki. Í umræddu tilviki fól uppnefnið auk þess ekki í sér illmælgí eins og fram hefur komið í fjölmiðlum og 7 og 8 ætti að vera ljóst ef þeir hefðu leitast við að kynna sér heildarmyndina.

Þess skal og getið að Sigmundur Davíð hefur aldrei undirritað svo kallaðar siðareglur Alþingis. Það segir hann helgast af því að hann hafi óttast að reglurnar kynnu að vera misnotaðar í pólitískum tilgangi eins og nú hefur gerst þótt hann hafi ekki órað fyrir því að gengið yrði eins langt í þeim efnum og raun ber nú vitni.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Anna Kolbrún Árnadóttir, Bergþór Ólason, Gunnar Bragi Sveinsson.